

**Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing**  
Árshlutareikningur  
1. janúar til 30. júní 2018

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing  
Borgartún 25  
105 Reykjavík

kt. 570909-9320

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Yfirlit yfir fjárfestingar .....	5
Skýringar .....	6

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing er fagfjárfestastjóður sem starfar skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestastjóði. Sjóðurinn er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður ætlaður fagfjárfestum. Rekstur sjóðsins er í höndum Júpiters rekstrarfélags hf.


Árshlutareikningur sjóðsins er hluti af B-hluta árshlutareiknings Júpiters rekstrarfélags hf. sem inniheldur árshlutareikninga verðbréfa-, fjárfestinga-, og fagfjárfestastjóða. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní að fjárhæð 34,5 m.kr. Hrein eign hlutdeildarskrteinishafa nam 149,4 m.kr. þann 30. júní 2018.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabil 1. janúar til 30. júní 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. ágúst 2018.

Stjórn

  
Einar Sæley Guðbjarnsdóttir

Framkvæmdastjóri



# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa í Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar.

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018. Árslutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar á árslutareikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfasjóða. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu árslutareiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 23. ágúst 2018.

Deloitte ehf.



Þorsteinn Pétur Guðjónsson

endurskoðandi

## Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar til 30. júní 2018

	Skýringar	6m 2018	6m 2017
Vaxtatekjur .....	3	201.254	240.596
Vaxtagjöld .....	3	(159.098)	(208.027)
Virðisbreytingar skuldabréfa .....	4	6.969	0
<b>Hreinar fjármunatekjur</b>		49.125	32.569
Umsýslubóknun .....	12	(5.071)	(6.053)
Viðskiptabóknanir .....		(6)	0
Niðurfærsla skuldabréfaeignar .....		0	(3.403)
Annar rekstrarkostnaður .....		(9.508)	(3.501)
<b>Rekstrargjöld alls</b>		(14.584)	(12.958)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		34.540	19.611

### Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

Hrein eign í byrjun árs .....	114.848	86.848
<b>Fjármögnunargreyingar</b>		
Seld hlutdeildarskírteini .....	0	0
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	0	0
<b>Hækkun á fjármögnunargreyingum</b>	0	0
<b>Hrein eign í lok tímabilsins</b>	149.388	106.459

## Efnahagsreikningur 30. júní 2018

Eignir	Skýringar	30.6.2018	31.12.2017
Verðbréf með föstum tekjum .....	4	4.755.895	5.345.528
Hlutdeildarskríteini .....	4	183.133	157.009
<b>Fjárfestingar samtals</b>		<b>4.939.028</b>	<b>5.502.537</b>
Handbært fé .....	5	245.804	57.512
Innleystar eignir .....	6	137.939	137.939
<b>Aðrar eignir samtals</b>		<b>383.743</b>	<b>195.451</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>5.322.771</b>	<b>5.697.988</b>
<b>Skuldir</b>			
Skuldabréfaútgáfa .....	7,10	5.172.477	5.540.906
Langtímaskuldir samtals		5.172.477	5.540.906
Viðskiptaskuldir .....		907	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		0	42.235
<b>Aðrar skuldir samtals</b>		<b>907</b>	<b>42.235</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>5.173.383</b>	<b>5.583.141</b>
<b>Hlutdeildarskríteini</b>		<b>149.388</b>	<b>114.848</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>5.322.771</b>	<b>5.697.988</b>
Fjöldi eininga 30. júní 2018 .....		600	600
Gengi sjóðsbrefa 30. júní 2018 .....		1,48	2,54

## Yfirlit yfir fjárfestingar 30. júní 2018

Eignir	Skýringar	30.6.2018	31.12.2017
Önnur skuldabréf .....		4.755.895	5.345.528
<b>Verðbréf með föstum tekjum</b>		4.755.895	5.345.528
Hlutdeildarskírteini .....		183.133	157.009
<b>Verðbréf með breytilegum tekjum og afleiður</b>		183.133	157.009
<b>Skráðar fjárfestingar samtals</b>		4.939.028	5.502.537
<b>Fjárfestingar samtals</b>		4.939.028	5.502.537
<b>Hlutfallsleg skipting</b>			
Önnur skuldabréf .....		96,3%	97,1%
<b>Verðbréf með föstum tekjum</b>		96,3%	97,1%
Hlutdeildarskírteini .....		3,7%	2,9%
<b>Verðbréf með breytilegum tekjum og afleiður</b>		3,7%	2,9%
<b>Skráðar fjárfestingar samtals</b>		100,0%	100,0%
<b>Fjárfestingar samtals</b>		100,0%	100,0%

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði og er gerður í íslenskum krónum.

Sjóðurinn er í umsjá Júpíters rekstrarfélags hf. sem er dótturfélag Kviku banka hf. og hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður fyrir fagfjárfesta og er því lokaður fyrir viðskiptum almennings.

### 2. Skattamál

Sjóðirnir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

## Reikningsskilaaðferðir

### 3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

### 4. Verðbréf

- a. Bókfært virði  
Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangvirði. Óskráð skuldabréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu gangvirði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gildi á markaðnum í lokt tímabilsins.

- b. Gengismunur  
Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

### 5. Handbært fé

Handbært fé inniheldur bankainnstæður hjá lánastofnunum með áföllnum vöxtum.

### 6. Innleystar eignir

Sjóðurinn hefur yfirtekið eina fasteign. Stefnt er að því að hún verði seld fljótlega.

### 7. Skuldabréfaútgáfa

Langtímaskuldur eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innleystur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.



## Skýringar - framhald

### Fjárfestingar

#### 8. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

	Fjárfestingar		Breyting	Fjárfestingastefna	
	30.6.2018	31.12.2017		Lágmark	Hámarg
Skuldabréf sem tryggð eru með veði í atvinnu- og íbúðahúsnæði .....	96,3%	97,1%	-0,8%	0,0%	100,0%
Hlutdeildarskírteini í lausafjárskjóðum .....	3,7%	2,9%	0,8%	0,0%	100,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%
<b>Samtals</b> .....	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>			

#### 9. Sundurliðun fjárfestinga

	Útg. af eða með ábyrgð ríkis eða svf.	Hlutdeildarskírteini	Hlutabréf	Annað	Samtals
Hlutdeildarskírteini .....		183.133			183.133
Aðrir fjármálagerningar .....				4.755.895	4.755.895
<b>Samtals</b> .....	<b>0</b>	<b>183.133</b>	<b>0</b>	<b>4.755.895</b>	<b>4.939.028</b>
Hlutdeildarskírteini .....		3,7%			3,7%
Aðrir fjármálagerningar .....				96,3%	96,3%
<b>Samtals</b> .....	<b>0,0%</b>	<b>3,7%</b>	<b>0,0%</b>	<b>96,3%</b>	<b>100,0%</b>

#### 10. Skuldabréfaútgáfa

Skuld Veðskuldabréfasjóðsins Virðing er veðskuldabréfið VEDS 1 14 01 gefið út 27. maí 2014 og í kjölfarið skráð á OMX Nordic. Bréfið er vaxtagreiðslubríf til 50 ára með 4 vaxtaafbörgunum á ári. Skuldin er bundin vísitölu neysluverðs.

### Hlutdeildarskírteini

#### 11. Bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

	30.6.2018	31.12.2017	31.12.2016
Hlutdeildarskírteini .....	1.560	1.522	1.450
Hrein eign skuldabréfaeignenda .....	147.828	113.325	85.398
<b>Samtals</b> .....	<b>149.388</b>	<b>114.848</b>	<b>86.848</b>
Fjöldi eininga .....	600	600	600
Gengi .....	2,60	2,54	2,42
Ávöxtun greinist þannig:			
Nafnávöxtun .....	4,88%	5,00%	0,00%
Raunávöxtun .....	3,46%	3,00%	-1,90%

### Ýmislegt

#### 12. Þóknarir

Sjóðurinn greiðir Júpiter rekstrarfélagi hf. umsýsluþóknun sem reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign eða 0,18%.